
# Sú ljúfa skylda



**Einar Kristjan Einarsson segir frá fyrirhuguðum tónleikum í Gerðarsafni**

EINAR Kristján Einarsson gítarleikari heldur tónleika klukkan 21.30 nk. þriðjudagskvöld í Gerðarsafni í Kópavogi ásamt þeim Gerði Gunnarsdóttur fiðluleikara, Geir Rafnssyni slagverksleikara og Martial Nardeau flautuleikara.

„Tónleikar okkar í Gerðarsafni hefjast á Partítu fyrir gítar og slagverk," sagði Einar. „Verk þetta er eftir Áskel Másson. Það er tíu ára gamalt og hefur ekkert verið spilað síðan það var frumflutt í Norræna húsinu í maí 1985.

Aðal slagverkshljóðfærin í verki þessu eru marimba og víbrafónn. Í samræmi við undirtitil verksins, sem er Nokturna, eru djúpu tónarnir áberandi. Yfirbragð verksins er á köflum leyndardómsfullt. Það er í einum þætti, tilbrigði við lítið stef sem endurtekið er í ýmsum formum."

Næsti tvíleikur sem fluttur verður á tónleikunum í Gerðarsafni er eftir Þorkel Sigurbjörnsson. „Það verk er nýlegt, samið 1993. Höfundur segir sjálfur um þetta verk sitt að hreyfingar tónanna minni sig á vapp fugla," sagði Einar þegar um þetta verk er spurt.


Einar sagði einnig að þetta verk Þorkels sé aðgengilegt „spjall" fiðlu og gítars, eins og hann orðaði það. „Þar bregður fyrir habaneratakti," sagði Einar ennfremur um Vapp, verk Þorkels Sigurbjörnssonar.

Þriðji tvíleikurinn sem fyrrnefndir tónlistarmenn flytja í Gerðarsafni er fyrir gítar og flautu eftir Lárus H. Grímsson. This is a stairway not a Street, nefnist þetta verk Lárusar. Að sögn Einars Kr. Einarssonar samdi Lárus þetta verk árið 1989 en það var fyrst frumflutt í fyrra á Gítarhátíð sem haldin var á Akureyri, en slíkar hátíðar hafa verið haldnar þar sl. þrjú ár. „Þetta er djasskennt verk þar sem gengur heilmikið á fyrir hljóðfærunum," sagði Einar.

„Mörg af þeim íslenskum verkum sem eru frumflutt heyrast síðan varla meira. Það hvílir að mínu viti sú ljúfa skylda á tónlistarmönnum að láta þessi verk íslenskra tónskálda ekki falla í gleymsku," sagði Einar. Hann gat þess að lokum að sér fyndist mjög gaman að vinna í kammermúsik. „Það er algengt að gítarleikarar spili einir. Það er tilbreyting að gera það ekki og það er mjög gaman að vinna með svona góðum tónlistarmönnum eins og þarna eru með mér."

**Guðrún Guðlaugsdóttir**

## Steinþrykk Lennons á Kjarvalsstöðum






# Ást Johns á Yoko og Sean



BÍTILLINN John Lennon lét sér ekki nægja að syngja, semja lög og yrkja. Hann fékkst líka við myndlist. Óhætt mun því að kalla hann fjöllistamann.

Í dag verður opnuð sýning á steinþrykksmyndum eftir John Lennon í Vestursal Kjarvalsstaða.

Lennon stundaði nám í Listaskóla Liverpool-borgar 1957-60 og lagði stund á myndlist áður en tónlistarferill hans hófst. Allan feril sinn gerði hann myndir sem lýsa nánasta umhverfi hans, aðallega steinþrykksmyndir eða lithógrafíur.

Steinþrykksmyndirnar á sýningunni á Kjarvalsstöðum voru unnar á tveim tímabilum, frá 1968-69. Þar á meðal eru annars vegar myndir sem voru fyrst gefnar út eftir lát Lennons og hins vegar steinþrykksmyndaröðin The Bag One Portfolio sem var fyrst sýnd opinberlega í janúar 1970 í The London Art Gallery í New Bond Street í London.

### Myndirnar þóttu ósæmilegar

Höfuðþema myndaraðarinnar er upphafning ástar Lennons á konu sinni Yoko Ono og samlíf þeirra hjóna. Á öðrum degi sýningarinnar var henni lokað af Scotland Yard og átta erótískar steinþrykksmyndir teknar eignarnámi vegna þess að þær þóttu ósæmilegar og voru taldar særa siðferðiskennd manna.

Í kjölfarið hófst fjölmiðlafár um allan heim, lögregluannsókn og síðan réttarhöld, en nokkrum mánuðum síðar var málið látið niður falla.

Mönnum hefur síður en svo orðið tíðrætt um djarfleik mynda Lennons heldur hafa þær verið kallaðar dæmi um mannlega ást og samhygð. Þessu vildi John Lennon miðla í lífi sínu og list.

### Augnabliks hugdettur

Skissur eða riss má kalla þessar myndir. Þær eru augnablikshugdettur eða skyndihrif (samanber sjálfsmyndirnar), en einnig vilja þær segja sögu af samlífi og vegferð þeirra hjóna þar sem John verndar og hlúir að Yoko. Sonurinn Sean, ávöxtur ástar þeirra, birtist sem ímynd fegurðar og sakleysis.

Ekki má gleyma húmornum því að gamansemi setur svip á margar myndirnar og sumar þeirra eru í anda skopstælinga.

Á sýningunni sem stendur til 26. mars (kl 10-18) verða til sölu númeraðar steinþrykksprentanir af myndunum. Þar að auki verða seldar peysur með áprentuðum myndum Johns Lennons.

**J.H.**

# Sendiherra barnanna



**Juha Laukkanen**

BARNALEIKHÚS er tiltölulega nýtt fyrirbæri í íslensku menningarlífi — og leikhús sem eingöngu er rekið fyrir börn hefur aðeins verið til hér í tæpt ár, eftir að Möguleikhúsið við Hlemm var opnað — en áður ferðuðust félagar þess milli leikskóla með sýningar sínar. Með Möguleikhúsinu opnaðist leið fyrir fjölbreytt leikhús handa börnum og einn af möguleikunum eru gestasýningar erlendis frá.

Í tengslum við Norrænu menningarhátíðina er hér staddur Juha Laukkanen frá Finnlandi, sem stofnaði brúðuleikhúsið Sytkyt snemma á áttunda áratugnum. Leikhús hans hefur vakið mikla athygli og meðal annars heimsótt börn í Svíþjóð, Þýskalandi, Bandaríkjunum og í Afríkulöndum.

En mikilvægi Juha nær út fyrir veggi litla leikhússins hans, því í fyrra var hann tilnefndur sérstakur sendifulltrúi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Finnlandi. Sama ár fékk hann barnamenningarverðlaun finnska ríkisins. Núna starfar hann innan veggja Borgarleikhússins í Helsinki og er þetta annað leikár Sytkyts þar í húsi. En hvert er hlutverk Juha í starfsemi Borgarleikhússins?

„Ég set upp sýningar fyrir börn undir sex ára aldri," segir Juha. „Ég er þó ekki þar sem gestur heldur sem hluti af leikhúsinu. Yfirvöld leikhússins telja mjög mikilvægt að ná sambandi við yngstu áhorfendurna og kynna leikhúsið fyrir þeim. Ég hef alltaf haft það fyrir reglu að taka á móti mínum áhorfendum í anddyri leikhússins og leiða þá inn í salinn; gera þeim grein fyrir hverju skrefi þar til sýningin hefst. Það er nefnilega svo að lítil börn geta orðið mjög hrædd þegar ljósin eru slökkt. Þau skilja ekkert endilega þetta myrkur. Þess vegna verður að útskýra það fyrir þeim, láta þau jafnvel hjálpa til við að slökkva ljósin.

Annars er það okkar reynsla af starfinu í Borgarleikhúsinu að oft eru foreldrar sem koma með börnum sínum á sýningar að koma sjálfir í leikhús í fyrsta sinn. Það fólk sem ekki hefur alist upp við það að leikhús sé sjálfsagður og eðlilegur hluti af tilverunni er oft feimið við leikhúsið. Þegar það hefur komið með börnum sínum á sýningu sér það að leikhúsið er ekkert sem þarf að vera feiminn, eða hræddur við og það hefur sýnt sig að margt af þessu fólki skilar sér áfram á sýningar.

Annað hlutverk sem við höfum er að fara í þorpin úti á landi með sýningar okkar og við förum hvert sem er. Það er ekkert þorp of lítið. Tíu krakkar réttlæta fullkomlega kostnaðinn af heimsókninni. Það er leikhússins að kynna sig; leikhús á ekki að bíða eftir að áhorfendur komi á sýningar, heldur verður það að kynna listgrein sína fyrir þeim sem ekki eiga möguleika á að nálgast það. Og þannig er það víða úti á landi í Finnlandi."

Sem fyrr segir hlaut Juha barnamenningarverðlaun finnska ríkisins í fyrra. Hann segir þá viðurkenningu hafa leitt af sér sérkennilega reynslu. „Það er svo skrýtið, eftir að hafa ekki hugsað um annað en að búa til leiksýningar og koma þeim til barna í tíu ár að standa allt í einu frammi fyrir því að vera eitthvert númer hjá fullorðnu fólki. Það rigndi yfir mig óskum um að vera gestur hjá óteljandi félagasamtökum og þvaðra og blaðra um mikilvægi þess að börn kynnist leikhúsinu, jafnvel hjá samtökum eldri borgara. En ég nenni ekki að tala um það. Mér finnst alger tímasóun að halda ræður um svo sjálfsagðan hlut. Það var mjög gott að fá þessi verðlaun, vegna þess að það gerði mér fjárhagslega kleift að gera meira fyrir börnin — og í það vil ég eyða tíma mínum.

Leikhús er sérlega heppilegt form til að fræða og í mínu starfi hugsa ég mikið um að koma fræðslu til barna áður en foreldrar og önnur yfirvöld geta fyllt þau af fordómum."

Hvað áttu við?

„Jú, sjáðu til. Við hér á Norðurlöndum höfum það ágætt. Við lifum ekki í fullkomnum heimi en ef við berum okkur saman við fyrrum Júgóslavíu, við mörg Afríkuríki, arabalönd og fleira mætti telja, þá höfum við ekki yfir miklu að kvarta. Norðurlandabúar tala niðrandi um innflytjendur frá þessum svæðum, draga þá í dilka og skapa fordóma gagnvart þeim. Við spyrjum: „Hvers vegna eigum við að taka þetta fólk að okkur. Hvers vegna á það að fá vinnu hjá okkur og njóta góðs af velferðarkerfi okkar?"

Ég hef komið til margra Afríkuríkja og á stríðshrjáð svæði og ég vil vera á undan foreldrum, kennurum og pólitíkusum að segja börnunum frá því sem ég hef séð — biðja þau að velta því fyrir sér hvort það sé réttlátt að börn annars staðar þurfi að þola ofbeldi og styrjaldir. Mín afstaða er sú að börn alls staðar eigi rétt á umhyggju, ástúð, fræðslu. Þau hafa ekkert af sér gert og ég veit ekkert andstyggilegra en fordóma. Börn búa þá ekki til. Þeir koma frá fullorðnum. Ég bið börnin að hugsa um það að skólasystkini þeirra sem hafa flúið frá öðrum löndum þurfi að sæta einelti, jafnvel ofbeldi, í nýju landi, eftir allt sem þau hafa mátt þola í heimalandi sínu. Þess vegna segi ég finnskum börnum, í verkum mínum, frá börnum sem ég hef séð í Afríku. Ég hef séð börn svelta, ég hef séð heimilislaus börn, ég hef séð ákaflega veik börn. Um þau tala ég við finnsk börn og spyr hvort þeim finnist þetta réttlátt.

Þeim finnst það aldrei."

**Súsanna Svavarsdóttir**